

# Leiðbeiningar til að lágmarka umhverfisáhrif byggingarframkvæmda á Vífilsstaðalandi

## Umgengnisreglur á byggingarstað, Vífilsstaðaland í Garðabæ

Eftirfarandi umgengnisreglur eru settar fram af Garðabæ.

Undirbúningsvinna og skipulag hefur miðað að því að tryggja gæði vatns sem nær til viðtaka og nærliggjandi náttúru. Vatnsviðtakar innan Vífilsstaðalands eru verndaðir með hreinsun ofanvatns. Öll mengun og óþarfa röskun er líkleg til að hafa neikvæð umhverfisáhrif og eru eftirfarandi umgengnisreglur liður í því að draga úr slíkum áhrifum á vatnasviði Vífilsstaðalands og nágrenni þess, vegna framkvæmda innan skipulagssvæðis rammahluta Vífilsstaðalands.

### Umhirða og förgun á spilliefnum og úrgangi

- Öll urðun og brennsla úrgangs er bönnuð á svæðinu.
- Úrgangi sem fellur til á svæðinu, s.s. járn, timbri, plasti og pappa, skal komið til viðurkenndra móttökuaðila.
- Byggingaraðili skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að hindra fok á úrgangi og lausamunum á svæðinu. Berist slíkur úrgangur út af byggingarsvæðinu skal byggingaraðili sjá til þess að hreinsun fari fram.
- Sýna skal fulla varúð við notkun allra efna sem geta borist í og valdið mengun á jarðvegi og/eða ofanvatni. Byggingaraðili skal tryggja að efni, sem geta valdið mengun eða orðið að spilliefnum, s.s. olíur og fúavarnar- eða málningarefni, séu geymd á öruggum stöðum. Umbúðum undan slíkum efnum skal komið til viðurkenndra móttökuaðila.
- Úrgangur frá vinnubúðum, kaffiádstöðu og/eða matsal skal þannig frágenginn að ekki sé hætt á foki eða að dýr komist í hann.

### Olíuáfyllingar og viðbrögð við olíuóhöppum

- Verði stærra olíuóhöpp en byggingaraðili ræður við skal það tilkynnt til slökkviliðsins í neyðarsíma þess 112.
- Olíuáfyllingar frá olíubifreið á tæki og vélar skulu aðeins fara fram á svæðinu ef ekki er með góðu móti hægt að nálgast olíur á viðkomandi tæki á nærliggjandi bensínstöðvum eða á aðra viðurkennda afgreiðslustaði fyrir eldsneyti s.s. í starfsstöðvum viðkomandi fyrirtækja.
- Gæta skal ýtrustu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar og verði vart við olíuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur fjarlægður og heilbrigðiseftirliti tilkynnt um atburðinn. Olíumenguðum jarðvegi skal farga í samráði við viðkomandi olíufélag og heilbrigðiseftirlit.
- Ef olíu- eða "glussalagnir" fara í sundur á tækjum skal þegar gripið til viðeigandi mótvægisáðgerða. Mengaður jarðvegur skal hreinsaður upp, heilbrigðiseftirliti

tilkynnt um atburðinn og menguðum jarðvegi fargað í samráði við það.

- Mótaolía er umhverfissaðlegt efni. Gæta skal fyllstu varúðar í meðförum með hana. Leki mótaolía út í umhverfið skal bregðast við eins og við önnur olíuóhöpp, sjá að ofan.
- Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar ef til stendur að hafa olíutanka á svæðinu.

### Viðgerðir og viðhald á tækjum

- Tæki og vélar skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða á olíuverki eða þegar hætt er á mengun samfara viðgerðum. Þó er heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir frekari mengun.

### Förgun á "steypuslammi"

- Ekki er heimilt að losa steypuafganga úr steypubílum á svæðinu. Steypubílar sem þurfa að þvo rennur og tromlur skulu gera það á steypustöðvum viðkomandi fyrirtækis.

### Umgengni um ofanvatnsrásir og -lautir meðfram götum og á opnum svæðum

- Á skipulagssvæði Vífilsstaðalands er beitt sjálfbærum ofanvatnslausnum til að tryggja viðhald og gæði vatnsviðtaka. Ofanvatni er beint af ógegndræpum flötum í grónar ofanvatnsrásir og lautir á yfirborði þar sem það getur sigið ofan í jarðveginn sem næst upptökum sínum. Við rennsli í gegnum jarðveg fer fram náttúruleg hreinsun ofanvatnsins áður en það berst til viðtaka.
- Sýna skal fulla varúð við alla umgengni og framkvæmdir, s.s. akstur bifreiða og vinnuvéla, í nágrenni ofanvatnsrása og -lauta. Akstur yfir ofanvatnsrásir getur valdið skemmdum á þeim sem dregur úr gegndræpi og annarri virkni ofanvatnskerfisins.